


Dieter F. Uchtdorf forseti
annar ráðgjafi í Æðsta
forsætisráðinu



Aðalráðstefna — Ekki venjuleg blessun

Góður meðlimur kirkjunnar ræddi við nágranna sem ekki tilheyrði okkar trú. Þegar umræðan beindist að aðalráðstefnu, sagði nágranninn: „Þú segir að þið hafið spámenn og postula? Og að tvisvar á ári opinberi þeir orð Guðs á heimsráðstefnu?“

„Vissulega,“ svaraði meðlimurinn fullur sjálfstrausts.

Nágranninn varð hugsu andartak. Hann virtist hafa einlægan áhuga og spurði síðan: „Hvað sögðu þeir á síðustu aðalráðstefnu?“

Kirkjumeðlimurinn sem fram til þessa hafði verið fullur áhuga á því að miðla fagnaðarerindinu varð nú vandræðalegur. Honum varð ómögulegt að rifja upp efni einnar einustu ræðu.

Vinur hans skynjaði vandræðagang hans og sagði: „Ertu að segja mér að Guð tali til manna á okkar tíma og að þú munir ekki hvað hann sagði?“

Bróðir þessi fann til auðmýktar yfir þessu. Hann hét því að standa sig betur og muna eftir þeim orðum sem þjónar Drottins mæltu á aðalráðstefnum.

Við vitum öll hve erfitt er að muna eftir öllu því sem fram kemur á aðalráðstefnu, og ég er viss um að við þurfum ekki að verða vandræðaleg þótt við munum ekki allt það sem sagt er. Engu að síður er boðskapur á hverri aðalráðstefnu ætlaður okkur sem gjöf og blessun himins, sérstaklega lagaður að

okkar persónulegu aðstæðum.

Ég bendi á þrennt mikilvægt til að búa okkur undir aðalráðstefnu, sem getur auðvelað okkur að taka á móti og muna eftir þeim orðum sem þjónar Drottins mæla og hagnýta þau.

1. Meðlimir kirkjunnar eiga rétt á persónulegri opinberun þegar þeir hlusta á og læra innblásin orð sem mælt eru á aðalráðstefnu.

Þegar þið búið ykkur undir aðalráðstefnu, hvet ég ykkur til að íhuga spurningar sem þið þurfið að fá svarað. Þið getið til að mynda þráð handleiðslu og leiðsögn Drottins í yfirstandandi erfiðleikum.

Við getum hlotið bænheyrslu beint frá ákveðinni ræðu eða einstökum staðhæfingum. Við getum líka hlotið bænheyrslu frá að því er virðist óskyldum orðum, orðatiltæki eða söngtexta. Hjarta fyllt þakklæti fyrir blessanir lífsins og einlæg þrá til að hlýða á orð leiðsagnar og lifa eftir þeim, mun búa okkur undir persónulega opinberun.

2. Virðið ekki boðskap að vettugi aðeins vegna þess eins að hann hljómar kunnuglega.

Spámenn hafa ætíð kennt með því að endurtaka; það er lögmál lærdóms. Þið munuð heyra efni og

kenningar endurtekin á aðalráðstefnu. Ég fullvissa ykkur: Það er ekki vegna þess að skortur er á sköpun og hugmyndaflæði. Við höldum áfram að hlýða á boðskap á svipuðum nótum, því Drottinn er að vekja upp skilning í huga okkar og hjarta á ákveðnum grundvallarreglum sem hafa mikilvægt eilíft gildi og nauðsynlegt er að skilja og hagnýta sér áður en við tökumst á við aðra hluti. Vitur húsbýggjandi leggur fyrst grunninn áður en veggir og þak eru reist.

3. Orðin sem mælt eru á aðalráðstefnu ættu að vera áttaviti sem vísar okkur leið á komandi mánuðum.

Ef við hlustum eftir og lifum samkvæmt innblæstri andans, munu orðin verða okkur sem Líahóna og leiða okkur um óþekktu og erfiða dali og fjallstinda sem bíða okkar (sjá 1 Ne 16).

Allt frá upphafi veraldar hefur Guð vakið upp spámenntil að mæla fram vilja himins til fólks þeirra tíma. Ábyrgð okkar er að hlýða á og hagnýta okkur þann boðskap sem Drottinn veitir okkur.

Okkar miskunnsemi og kærleiksríki himneski faðir hefur ekki yfirgefið og mun ekki yfirgefa börn sín. Á okkar tíma, sem á liðnum tímum, hefur hann útnefnt postula og spámenn. Hann heldur áfram að opinbera þeim orð sitt.

Hve dásamleg forréttindi að geta hlýtt á boðskap Guðs fyrir okkur persónulega á aðalráðstefnu! Við skulum búa okkur vandlega undir þá mikilvægu blessun guðlegrar handleiðslu sem útvaldir þjónar hans færa okkur.

Því það er ekki venjuleg blessun.

HVERNIG KENNA Á BOÐSKAPINN

- Lesið greinina saman. Hvetjið fjölskylduna til að skilgreina það sem hlusta á eftir á aðalráðstefnu.
- Sýnið yngri börnum töflu með aðalvaldhöfum (í ráðstefnueintaki *Liahona*) til að auðvelda þeim að hagnýta sér leiðsögn Uchtdorf forseta. Segið þeim að Æðsta forsætisráðið og Tólfpostulasveitin munu tala á aðalráðstefnu. Hvetjið börnin til að hlýða á ráðstefnu og teikna mynd til að auðvelda þeim að muna eftir því sem þau lærðu. Foreldrar gera farið á conferencegames.lds.org til að finna fleiri verkefni fyrir börnin sem tengjast aðalráðstefnu.

ÆSKUFÓLK

Gott, betra, best

Mary-Celeste Lewis

Á aðalráðstefnu sinni í október 2007 ræddi öldungur Dallin H. Oaks í Tólfpostulasveitinni um athafnir sem eru „góðar, betri og bestar.“ Þegar að því kom að hann ræddi um að „yfirfylla dagskrá barnanna“ fann ég til sektar þar sem ég sat.

Mér varð ljóst að ég tæki mér of mikið fyrir hendur. Ég tók þátt í skólaleikritum, var í erfiðu námi í skólanum og tókst á við fleiri verkefni. Ég hafði ekki sótt félagsstarf Stúlknafélagsins af trúmennsku og sunnudagarnir voru afar streitugjarnir er ég reyndi að ljúka heimaverkefnum á síðustu stundu. Tónlistaræfingar og ritstjórn skólalábsins voru mér ekki lengur unun, heldur aðeins vinna.

Ræða öldungs Oaks fékk mig til að endurskoða vandlega eigin dagskrá. Það sem ég hafði fyrir stafni var gott, en það var bara of margt. Ég varð að velja það besta. Þegar ég reyndi að ákveða hvað ég ætti að gefa upp á bátinn, varð mér ljóst að fagnaðarerindi Jesú Krists væru mín bestu forréttindi. Ég setti bæn og ritningarnám efst á listann og upp frá því hefur líf mitt verið auðeldara.

Öldungur Oaks kenndi mér að þegar við gerum *fyrst* það sem Drottinn vill að við gerum, mun allt annað falla í sínar skorður. Ef ég læri ritningarnar áður en ég fer í leiki eða jafnvel geri heimaverkefnin, mun allt sem er mikilvægt ganga upp. Þegar ég byggi líf mitt umhverfis Drottin, í stað þess að bæta honum við eftir á, mun ég finna aukinn frið og árangur í lífi mínu.

Ég hlusta nú vandlega á þá leiðsögn sem fram kemur á aðalráðstefnu!

BÖRN

Ég get fundið svör fyrir tilverknað aðalráðstefnu

Uchtdorf forseti kenndi að ef við ihugðum spurningar fyrir aðalráðstefnu, gæti Drottinn talað til okkar með spámönnum sínum og postulum á ráðstefnunni.

1. Ræðið hvað þið þurfið að læra sem fjölskylda eða

- námsbekkur, hvort heldur saman eða í einrúmi.
(Dæmi: Hvernig efli ég vitnisburð minn? Hvernig leysi ég vanda í skólanum?) Skrifðu spurningar ykkar á blað eða í dagbók ykkar.
2. Byrjið að hugleiða og biðja varðandi spurningarnar nokkrum vikum áður en aðalráðstefna hefst.
 3. Hlustið vandlega á aðalráðstefnu (gagnlegt getur verið að skrifa hjá sér athugasemdir). Skrifðu síðan hvernig Drottinn svarar spurningum ykkar — með kirkjuleiðtogum.
 4. Þið getið teiknað mynd á annað blað af ykkur sjálfum gerandi það sem þið lærðuð.



Trú • Fjölskylda • Líkn

Styrkja fjölskyldur með auknu andríki

Lærið efnið og ræðið það við systurnar sem þið heimsækið, eins og við á Nýtið spurningarnar ykkur til hjálpar við að styrkja systurnar og gera Líknarfélagið að virkum þætti í lífi ykkar.

Julie B. Beck, aðalforseti Líknarfélagsins, sagði: „Í mér hefur vaxið sterkur vitnisburður um gildi dætra Guðs. . . . Þegar ég hef hitt systurnar hef ég skynjað að aldrei hefur verið meiri þörf fyrir að auka trú og persónulegt réttlæti. Aldrei hefur verið meiri þörf fyrir sterkar fjölskyldur og sterk heimili.“

Systur geta hjálpað til við að stuðla að sterkum fjölskyldum og heimilum þegar þær bregðast við persónulegum opinberunum. „Sá eiginleiki að gera sig hæfa fyrir og taka á móti persónulegri opinberun er sá mikilvægasti sem hægt er að hljóta í þessu lífi,“ sagði systir Beck ennfremur. „Að vera hæf til þess að hafa anda Drottins hjá sér, hefst á því að þrá anda hans og ávinna sér ákveðinn verðugleika. Sú blessun að hafa anda Drottins ætíð með okkur veitist þegar við höldum boðorðin, iðrumst og endurnýjum sáttmálana sem gerðir voru við skírni. Þegar konur gera og halda musterissáttmála fá þær einnig andlegan styrk og kraft inn í líf sitt. Hægt er að finna mörg svör við erfiðum spurningum með því að lesa ritningarnar, því þær auðvelda okkur að hljóta opinberun. . . . Bænin er einnig frumskilyrði þess að hafa anda Drottins með sér.“¹

Við styrkjum líka fjölskyldumeðlimi okkar andlega þegar við hjálpum þeim að skilja eilífa áætlun himnesks föður. „Hvað getum við gert til að búa börn okkar betur andlega undir eilíft hlutverk þeirra?“ spurði öldungur M. Russell Ballard, í Tólfpostulasveitinni. „Sennilega er þetta besta svarið: Kennið þeim að lifa eftir reglum fagnaðarerindisins.“ Slík kennsla á sér stað með bænnum, ritningarnámi og á matmálstímum, sem og á vikulegum fjölskyldukvöldum og með kirkjusókn. Öldungur Ballard útskýrði: „Dag hvern, einmitt nú, búum við okkur undir hið eilífa líf. Ef við erum ekki að búa okkur undir eilíft líf, erum við að búa okkur undir eitthvað annað, hugsanlega eitthvað sem er langtum rýrara.“²

Úr ritningunum

Okv 22:6; 1 Jóh 3:22; Kenning og sáttmálar 11:13–14; 19:38; 68:25

Úr sögu okkar

Á Líknarfélagssundi í apríl 1842 kenndi spámaðurinn Joseph Smith systrunum að helg ábyrgð þeirra væri að vinna að eigin sálhjálp. Hann sagði: „Að lokinni þessari fræðslu munuð þið bera ábyrgð á ykkar eigin syndum. Það er

eftirsóknarverður heiður að ganga þannig frammi fyrir okkar himneska föður að við björgum okkur sjálfum. Við berum öll ábyrgð á því gagnvart Guði hvernig við aukum við ljósið og viskuna sem Drottinn hefur gefið okkur, okkur sjálfum til bjargar.“³ Hann kenndi þeim að vera réttlátir einstaklingar, að verða heilagt fólk og að búa sig undir helgiathafnir og sáttmála mustersins.

HEIMILDIR

1. Julie B. Beck, „Yfir . . . ambáttir mun ég á þeim dögum úthella anda mínum,“ *Áðalráðstefna*, apríl 2010, 12.
2. M. Russell Ballard, „Spiritual Development,“ *Ensign*, nóv. 1978, 65, 66.
3. *Kenningar forseta kirkjunnar: Joseph Smith* (2007), 353.

Hvað get ég gert?

1. Hvernig get ég hjálpað systrunum að auka andlegt sjálfstæði?
2. Hvernig get ég aukið hæfni mína til að þekkja innblástur heilags anda og bregðast við honum?

Frekari upplýsingar eru á www.reliefsociety.lds.org.